

Nd.

870. L Ö G

um lýsismat.

(Afgreidd frá Nd. 10. september.)

1. gr.

Allir þeir, sem lýsi selja eða senda úr landi frá kaupstöðum eða lög-
giltum kaupúnum, skulu eiga kost á að fá það flokkað og metið af lögskipuðum
matsmönnum.

2. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, eftir því sem þörf krefur, og rita þeir undir eiðstaf, er stjórnarráðið fyrirskipar. Áhöld til lýsirrannsóknna og merkingar leggur landsstjórnin til.

Matsmenn skulu jafnan gefa vottorð um skoðunina, og eru þau vottorð sönnun þess, að lýsið sje rjett flokkað og merkt.

3. gr.

Kostnaður við lýsismat greiðist af þeim, er mats óska, eftir sömu reglum sem kostnaður við fiskimat. Nánari reglur um tilhögun matsins, flokkun og merkingu lýsisins ákveður stjórnarráðið eftir tillögum Fiskifjelags Íslands.